

Mál nr. 167/2006

**M f.h. ófjárráða sonar síns, A,
og
Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar eiganda hunds.**

Ágreiningur um bótaskyldu er hundur beit dreng.

Gögn.

1. Málskot, mótttekið 1.9.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.9.2006, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 28.8.2005 var A, fjögurra ára gamall sonur málskotsaðila staddur í sumarbústað í Borgarfirði ásamt föður sínum og fleira fólki, þ. á m. B. Í bústaðnum var einnig hundur af tegundinni "American Cockel Spaniel" í eigu B. Mun fólkið, börn og fullorðnir, hafa setið við kvöldverðarborð og hundurinn verið undir borðinu.

Er A hafði nýlokið að borða kveður faðir hans að hundurinn hafi komið til hans og hafi A farið að klappa honum. Hafi faðir A sagt honum að klappa hundinum á bak við eyrun því þá kæmi hundurinn til hans. Hafi A verið kominn á fjóra fætur og teygt vinstri hönd fram til að klappa hundinum, en þá hafi hundurinn sýnt tennurnar og svo ráðist beint á A. A hefði kippt að sér hendinni í sömu andrá og hundurinn hafi ráðist að honum. Hönd A hafi farið upp í kjaft hundsins sem hins vegar hafi náð að bíta í vinstri kinn A. Farið var með A á heilsugæslustöð í Borgarnesi.

Í gögnum málsins er haft eftir B að tvö börn hafi verið að leika sér undir borðinu og þar hafi hundurinn einnig verið. Hann hafi svo heyrt ýlfur frá hundinum og síðan barnsgrát. Enginn hafi séð það sem þarna hafi átt sér stað.

Álit.

Svo A geti átt rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu, sem tekin hafði verið vegna hundsins, þarf að liggja fyrir annars vegar að A hafi orðið fyrir tjóni af völdum þess að hundurinn beit hann og hins vegar að tjónið verði rakið til atvika sem B ber ábyrgð á sem eigandi hundsins. Samkvæmt gögnum málsins verður ekki með skýrum hætti ráðið að A hafi orðið fyrir tjóni af völdum bitsins. Ekkert liggur fyrir um að hundurinn hafi verið hættulegur í umgengni við börn eða gæta hafi þurft sérstakrar varúðar í umgengni við hann umfram aðra hunda. Ekki verður heldur séð að atvikið megi rekja til þess að eftirliti með hundinum hafi verið óbótavant af hálfu B. Að þessu virtu verður ekki talið að A eigi skaðabótakröfu á hendur B vegna umrædds atviks.

Niðurstaða.

Skaðabótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 4. október 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.